

## Verkefni Tungumálatöfrar



Tungumálatöfrar er áhugafélag um íslenskukennslu og fjöltyngi. Þau vilja leggja það af mörkum að þróa nýjar aðferðir bæði til að auka aðgang íslenskra barna sem búa í útlöndum að íslenskukennslu en ekki síður að skoða hvernig styrkja má íslenskugetu barna af erlendum uppruna sem búa á Íslandi. Félagið vinnur nú að þróun vefskóla sem byggir á aðferðum sem notaðar hafa verið á sumarnámskeiði félagsins undanfarin fimm ár þar sem 5-14 ára börnum og unglíngum er boðið upp á íslensku örvun í gegnum listsköpun og leik.

Tungumálatöfrar hafa haft síðustu 5 ár sumarnámskeið fyrir fjöltyngd börn á Ísafirði. Námskeiðið er haldið fyrstu vikuna í ágúst og í ár, 2021, for það fram dagana 3. – 8. ágúst. Námskeiðið er annarsvegar listsköpunarnámskeið fyrir 5-11 ára og hinsvegar útivistarnámskeið fyrir 12-15 ára.

Nú er komið að nýju skrefi í lífi verkefnisins og er farið af stað með Vefskóla Töfrabarnanna. Í fyrsta kasti bjóða Tungumálatöfrar upp á fjögurra vikna námskeið þar sem aðferðum þeirra varð beitt í íslenskuörvun í gegnum nýjan vefskóla þeirra. Þetta fyrsta rennsli er reynsluverkefni sem styrkt var af Barnamenningarsjóði og þátttaka þar af leiðandi að kostnaðarlausu. Skólinn hófst á laugardaginn 11. september og stendur yfir næstu fjóra laugardaga. Kennarar í skólanum eru börnum sem hafa tekið þátt í Tungumálatöfrum vel kunn, en það eru þau Dagný Arnalds og Jón Gunnar Biering, auk þess sem Álfrún Gísladóttir hafa leidd skapandi morgunjóga. Námskeiðið er hugsað fyrir 6-10 ára en einnig opið 5 og 11 ára börnum.

Námskeiðin í Tungumálatöfrum er ætlað að örva íslenskukunnáttu þar sem íslenska er annað mál barnanna eða eitt af mörgum tungumálum. Námskeiðið hentar bæði börnum sem búa erlendis og vilja styrkja sig í íslenskunni og tengsl sín við landið, sem og nýjum Íslendingum sem eiga annað tungumál að móðurmáli og vilja bæta íslenskukunnáttu sína. Tungumálatöfrar hafa verið haldnir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og útivistarnámskeiðið á Flateyri. Rík áhersla er á listsköpun í allri kennslu og læra börnin í gegnum tónlist, myndlist, leiklist og dans.

Hugmyndin að verkefninu vaknaði árið 2016 þegar áhugafólk um fjöltyngi fundaði á Ísafirði. Anna Hildur Hildibrandsdóttir stýrir framkvæmd þess í samstarfi við Menningarmiðstöðina Edinborg og Ísafjarðarbæ. Verkefnastjóri árið 2021 er Anna Sigríður Ólafsdóttir.

Tungumálatöfrar hafa haldið málþing reglulega og síðast núna í ágúst mánuði þar sem Eliza Reid forsetafrú opnaði málþingið og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra lokaði því. Margir fræðimenn hafa verið með erindi og rædd var mikið hversu mikilvægt er að kunna íslenskuna en líka þörf á íslenskukennslu í fjölmenningsamfélagi.

Það er komin viljayfirlýsing um samstarf á milli Tungumálatöfra og Fjölmenningsseturs. Þau hafa fjallað um möguleikana á að bjóða upp á aðferðir Tungumálatöfra víðar á landinu samhliða því sem vefskóli verður þróaður. Við í Breiðholti erum tilbúin að vera samstarfsaðilar og hýsa það verkefni og þess vegna var boðið til stóra kynningafunda 07. október. Þar sem Jasmina verkefnastjóri hverfisins Breiðholts boðaði og stýrði en Anna Hildur og Dagný kynntu verkefni. Mótökur voru góðar og allir voru jákvæðir gagnvart verkefninu. Mikilumræða átti sér stað og margar góðar spurningar voru varpaðar fram. Í mínum samtölum við marga aðila erum við að fá mikla vel vild til að styðja þetta verkefni frá fagaðilum sem vinna í fjölmenningu- og menntun hjá Reykjavíkurborgar og Menntamálaráðuneytinu. Ég er búin að eiga fund við Menntavísindasvið HÍ til að taka þátt í því að rannsaka kennsluáferðir sem Tungumálatöfrar notast við og erum komin með vel vild þar að þá hjálpa okkur að finna rannsakendur. Við erum líka tilbúin að kanna möguleika um samstarf við fleiri sveitafélög.